

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2015-2019 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntaskólans á Akureyri

Markmið og tímabundin verkefni

A) Markmið

Þriggja ára skóli:

- Námsferlar fyrir 210 eininga stúdentspróf verði tilbúnir á haustönn 2015.
- Áfangalýsingar settar í námskrárgrunn um annaskipti 2015-16.
- Innritað verði eftir nýjum námsferlum haustið 2016.

Vinna gegn brotthvarfi:

- Brotthvarf aukist ekki við námskrár/námstímabreytingar þrátt fyrir aukið álag á önn:
- Umsjón með nemendum verði efl.
- Markviss nýnemamóttaka sem umsjónarkennarar og náms- og starfsráðgjafar sjá um.
- Áhersla á vinnulag, skipulag og að takast á við nýjar námskröfur.
- Sveigjanleiki í námsframvindu. Námsferlarnir skipulagðir þannig að nemendur geti lokið náminu á breytilegum námstíma, 3, 3 1/2 eða 4 árum.
- Þrepaskipting námsins endurskoðuð til að tryggja eðlilega stígandi í námi.

Erlend samskipti aukin og efl:

- Ráðinn starfsmaður (hlutastarf) til að sjá um erlend samskipti.
- Auka faglegt samstarf við erlenda skóla og gefa kennurum möguleika á endurmenntun erlendis.

Upplýsingatækni; mótun stefnu í notkun nemenda á snjalltækjum og tölvum:

- Námskeið fyrir kennara á starfsdögum.
- Ráðnir UT ráðgjafar fyrir kennara og UT ráðgjafar úr hópi nemenda fyrir nemendur.
- Skólafundur haldinn í upphafi árs til að kynna breytingar í skólanum.
- Foreldrum og nemendum kynnt vel stefna skólans.

Rekstur skólans:

- Aðlagð vinnumat að fjárveitingu skólans. Vinnumat nýs kjarasamnings er fordæmalaust verkefni í skólum og mikilvægt að vel takist til að aðlagð vinnumatið að fjárveitingu og rekstri skólans.
- Sumarskóli sumarið 2016. Árlega eru um 300 endurtökupróf og um 30 - 40 nemendur fara í sumarskóla. Kostnaður við endurtökupróf í MA eru 5 - 6 milljónir á ári. Allar aðstæður eru í skólanum til þess að sjá um sumarskóla fyrir nemendur skólans. Með sumarskóla verða eingöngu endurtökupróf fyrir brautskráningarnemendur, hinum verður vísað í sumarskóla MA. Ekki er gert ráð fyrir að þessu fylgi kostnaðarauki fyrir skólann. Það er enginn sumarskóli á Norðurlandi svo þessi kostur gæti jafnframt nýst nemendum á svæðinu.

Samstarf við aðra skóla:

- Til þess að aukið samstarf við aðra skóla verði mögulegt þarft að færa skólaár MA nær skólaári annarra skóla en nú er.

B) Tímabundin verkefni

MA fékk í vor styrk úr Sprotasjóði vegna verkefnis um starfendarannsóknir með nemendum. Gengið hefur verið skriflega frá samningi við Rannís um verkefnið.